


Íslenskur sjávarútvegur: Blikur á lofti á alþjóðavettvangi

Mikilvægi sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi er óumdeilt. Framlag fiskveiða og fiskvinnslu til landsframleiðslu var 8,4% á síðasta ári og er greinin ein af stærstu útflutningsgreinum landsins. Heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða voru 244 ma.kr. á síðasta ári eða sem nemur fjórðungi af heildarútflutningi þjóðarbúsins. Þá námu bein opinber gjöld¹ sjávarútvegsins alls um 26,4 ma.kr. árið 2013. Á síðasta ári störfuðu ríflega 9.000 manns við fiskveiðar og fiskvinnslu en það jafngildir um 5% af heildarfjölda starfandi á Íslandi.

Efnahagsþróun og pólitískt ástand í viðskiptalöndum Íslands skipta íslenskan sjávarútveg miklu máli og þar með íslenskt efnahagslíf. Árið 2014 voru yfir 36% af heildarverðmætum útfluttra sjávarafurða tilkomin vegna viðskipta við okkar stærstu markaði, Bretland, Rússland og Spán.



Blikur eru nú á lofti fyrir íslenskan sjávarútveg. Viðskiptabann Rússlands, möguleg lokun Nígeríumarkaðar, áhyggjur af lækkandi heimshagvexti ásamt lakari samkeppnisskilyrðum samhliða styrkingu raungengis eru allt þættir sem snerta atvinnugreinina, tekjur hennar og þar með heildarhagsmuni þjóðarbúsins. Sjávarútvegurinn er vanur að takast á við ýmis áföll bæði er snúa að umhverfispáttum og ákvörðunum á alþjóðavettvangi. Þó að blikur séu nú á lofti þá gerir íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið það að verkum að auðveldara en ella er að takast á við ytri áföll. Það felst m.a. í því að hægt er að færa aflaheimildir á milli fiskveiðiára en í þessari greiningu er horft framhjá þessum þætti.

Hér að neðan er reynt að meta hvern og einn áhættuþátt og hver möguleg áhrif eru fyrir íslenskt efnahagslíf.


1. Viðskiptabann Rússa: Áhrif 11-17 ma.kr.

Viðskiptabann Rússa snýr aðeins að matvælum og kemur sér því einstaklega illa fyrir Íslendinga þar sem þau eru yfir 40% af vöruútflutningi okkar. Þetta er langhæsta hlutfallið á meðal landa evrópska efnahagssvæðisins þar sem matvæli eru að meðaltali 11% af vöruútflutningi. Viðskipti Íslands og Rússlands munu þar með nánast hverfa þar sem ríflega 80% af útflutningi okkar til landsins eru matvæli. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands fluttu Íslendingar út sjávarafurðir fyrir tæpa 24 ma.kr. til Rússlands árið 2014. Í þessa tölu vantar a.m.k. hluta þeirra afurða sem umskipað er í Litháen og Hollandi en fara

¹ Greiddur tekjuskattur, veiðigjöld, tryggingagjald og aflagjöld.

svo áfram á Rússlandsmarkað. Miðað við varfærið mat má hins vegar gera ráð fyrir að 29 ma.kr. af verðmæti sjávarafurða hafi beint eða óbeint endað á Rússlandsmarkaði². Þessu til viðbótar var aflamark í loðnu ríflega þrefaldað á milli fiskveiðiaranna 2013/2014 og 2014/2015 en sennilegt er að einhver hluti aukinnar loðnu hefði verið seldur til Rússlands en ekki er tekið tillit til þess í áætluninni.

Hlutfall Rússlands í vöruútflutningi**



Heimildir: Macrobond, áætlun efnahagssviðs


*Tölur fyrir Ísland m.v. það sem fer til Rússlands skv. opinberri skráningu, með viðskiptabanni er áætlun.

**Án viðskiptabanns: sept. 2013-feb. 2014. Með viðskiptabanni: sept. 2014-feb2015

Ekki er auðvelt að finna nýja markaði fyrir uppsjávarfurðir til manneldis og má því fastlega gera ráð fyrir að stór hluti af uppsjávarfiski sem áður var seldur til Rússlands fari nú í bræðslu, en við slíkt minnkar verðmæti afurðanna. Áætla má að verðmæti loðnu og makrils myndi minnka um helming og síldar um tæpan þriðjung.

Erfitt er að slá því föstu hversu mikil verðmæti munu tapast vegna viðskiptabannsins en ljóst er að þau eru töluverð sérstaklega ef bannið varir lengi. Með ofangreindum forsendum reiknast efnahagssviði til að tapaðar útflutningstekjur vegna viðskiptabannsins væru í kringum 11 ma.kr. ef miðað er við árið 2014 og 17 ma.kr. uppreiknað með hliðsjón aflamarki á nýliðnu fiskveiðarári.


² Gera má ráð fyrir að stærsti hluti karfa, gulllax, annars botnfisks, loðnu, síldar og makrils með Litháen sem viðtökuland hafi í raun endað í Rússlandi. Einnig hefur stór hluti þessara tegunda sem skráðar eru með Holland sem viðtökuland í raun verið á leið til Rússlands. Ef gert er ráð fyrir að 60% af útflutningsverðmætum áður nefndra tegunda til Litháen endi í Rússlandi og 30% af því sem fer til Hollands



Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs, SFS
*M.v. miðjuna á bilinu 14 ma.kr. sem er miðjan bilinu 11-17 ma.kr.

2. Lokun Nígeríumarkaðar: Áhrif 6 ma.kr.

Á árinu 2014 voru fluttar út sjávarafurðir fyrir um 15 ma.kr. beint til Nígeríu. Ef svo færi að Nígeríumarkaður lokaðist vegna skorts á gjaldeyri þar í landi og stefnu um að landið verði sjálfu sér nægt um sjávarafurðir hefði það veruleg áhrif á íslenskt þjóðarbú. Uppistaðan í útflutningi til Nígeríu eru þurrkaðar afurðir, t.a.m. hausar sem telja rúman helming af útflutningsverðmætum til landsins. Þetta eru afurðir sem erfitt er að koma í verð annarsstaðar og því líklegt að stór hluti þeirra færi í bræðslu. Ef gert er ráð fyrir að á milli 30% til 50% lægra verð fengist fyrir afurðirnar, breytilegt á milli afurða, myndu útflutningsverðmætin dragast saman um 6 ma.kr.




Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs, SFS

3. Lakari heimshagvöxtur: Áhrif 2,5-7,5 ma.kr.

Spár bæði OECD og AGS frá því í vor gera ráð fyrir yfir 3-4% heimshagvexti á þessu og næsta ári. Hætt er við að hagvaxtarspár verði endurskoðaðar niður á við með haustinu þar sem hrikt hefur í stoðum kínverska hagkerfisins á undanförunum vikum en þeirra áhrifa hefur gætt á mörkuðum út um allan heim.


Þar að auki hefur olíuverð hrunið á síðastliðnum misserum en það hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif á heimsbúskapinn. Kaupgeta olíuríkjanna, þar með talið nokkurra mikilvægra markaða fyrir íslenskar sjávarafurðir, dregst saman en þær þjóðir sem einkum flytja inn olíu ættu að hagnast.

Fiskverð er sögulega hátt um þessar mundir en samkvæmt FAO eru tekjur, fólkfjölgun, verð á kjöti ásamt því að fiskur er takmörkuð auðlind helstu áhrifaþættir í verðmyndun sjávarafurða. Minni kaupmáttur og þar með eftirspurn vegna minni heimshagvaxtar ætti því alla jafna að haldast í hendur við lægra fiskverð. Þar sem stór hluti þeirra sjávarafurða sem Íslendingar flytja út eru munaðarvörur er líklegt að eftirspurn eftir þeim dragist saman ef til áfalla kemur í heimsbúskapnum. Að gefnu magni myndi hver prósentu lækkun fiskverðs lækka útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða um 2,5 ma.kr. ef miðað er við árið 2014.



Heimildir Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs


Á móti þessu kemur að olíuverð hefur farið ört lækkandi á síðustu misserum en olíukaup eru stærsti einstaki kostnaðarliður útgerðarinnar að undanskildum launum. Ekki eru til nýrri tölur en frá árinu 2013 um olíukaup útgerðarinnar en það árið námu þau um 19 ma.kr. á núverandi gengi dollars. Því má gera ráð fyrir að olíukostnaðurinn hafi lækkað umtalsvert á síðasta ári og enn frekar á þessu ári en heimsmarkaðsverð á olíu hefur fallið um 60% frá árinu 2012. Út frá fylgni heimsmarkaðsverðs á olíu við olíukostnað útgerða á föstu gengi má gera ráð fyrir að ef að olíuverð helst óbreytt út árið gæti sparnaðurinn á þessu ári í formi lægri rekstrarkostnaðar numið allt að 6,5 ma.kr. eða á bilinu 30-40% af olíukostnaði útgerða.



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Macrobond, útreikningar efnahagssviðs

Niðurstaða: Heildaráhrif³ á þjóðarbúið 16-21 ma.kr.

Tekið saman má áætla að beinn tekjumissir þjóðarbúsins af þeim þáttum sem hér hafa verið skoðaðir sé um 16-21 ma.kr. en það fer eftir forsendum um þróun fiskverðs. Þetta jafngildir því að hagvöxtur yrði á bilinu 0,7%-0,9% minni en ella að því gefnu að ekki kæmi annað í staðinn. Þessi þróun hefði svo áhrif á afkomu hins opinbera vegna minni tekjuskatts, útsvars, tryggingagjalds og annarra opinberra gjalda sem sjávarútvegurinn greiðir.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs, SFS

Aðrir áhættuþættir: Minnkandi samkeppnishæfni

Raungengi krónunnar hefur styrkst um 8% frá árinu 2012 og um 13% ef litið til raungengis eins og það snýr að útflytjendum. Ef raungengið heldur áfram að styrkjast er hætt við að verulega dragi úr samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Að jafnaði helst prósentu hækkan raungengis í hendur við um 0,26 prósentu minni útflutning sjávarafurða í hlutfalli af landsframleiðslu sem jafngildir um 6 ma.kr. m.v. áætlaða landsframleiðslu árið 2015. Mikið innflæði fjármagns t.a.m. vegna vaxtamunaviðskipta, hækkun launa umfram viðskiptalönd okkar ásamt tilheyrandi verðbólgu eru allt þættir sem ýta undir þessa þróun.

³ M.v. miðjuna á bilinu 11-17 ma.kr. áhrifa viðskiptabanns Rússa.



Ef gert er ráð fyrir að raungengið eins og það horfir við útflytjendum styrkist um 6% sem er svipaður árstaktur og verið hefur undanfarin misseri myndi hlutfall útlutnings sjávarafurða af landsframleiðslu dragast saman um 1,6 prósentur. Þetta nemur um 34 ma.kr. miðað við áætlaða landsframleiðslu þessa árs.

Áhrif á byggðarlög

Áhrifin af viðskiptabanni Rússa koma mismunandi niður á byggðarlög í landinu. Yfir helmingi af heildarafla af síld, loðnu og makríl er landað á Austurlandi og um fimmtingi á Suðurlandi. Hlutfallslega er um meira högg að ræða fyrir fámenn bæjarfélög sem þó eru með stóran hluta aflans. Þessi byggðarlög eru t.a.m. Vopnafjörður þar sem um 11% af heildarafla þessara tegunda var landað árið 2014 en íbúafjöldi þar er aðeins 0,2% af íbúafjölda landsins, Neskaupstaður með tæpan fjórðung aflans og 0,5% af íbúafjölda og Þórshöfn með 4,8% aflans og 0,1% af íbúafjölda. Hætt er við að atvinna dragist saman á þessum svæðum vegna minni landsvinnslu en þó áforma a.m.k. flest fyrirtæki að segja ekki upp fólki en fjöldi vinnustunda hjá núverandi starfsmönnum mun dragast saman. Þar að auki eru laun sjómanna beintengd verðmæti aflans. Viðskiptabannið mun því ekki einungis hafa bein áhrif á fyrirtækin sjálf heldur einnig á launafólk og þar með útsvarstekjur og aðrar skatttekjur sveitarfélaga.

Skipting landaðs magns 2014 eftir landssvæðum


2013 er innan sviga

S: Síld
L: Loðna
M: Makrill




Heimild: Hagstofa Íslands

Stærstu löndunarstaðir loðnu, makrils og sildar 2014 og hlutfall mannfjölda af heild



Heimild: Hagstofa Íslands

Samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar um byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa gæti tekjutap sjómanna og landverkafólks við uppsjávarveiðar og vinnslu numið frá 1 ma.kr. til 2,5 ma.kr. Það jafngildir 5-10% tekjutapi fyrir sjómenn og 18%-40% fyrir landverkafólk á ársgrundvelli. Sveitasjóðir gætu þar með orðið af 143-364 m.kr. útsvarstekjum og þar að auki myndi aflagjald lækka um allt að 43 m.kr.




Heimild: Byggðastofnun

*Mat Byggðastofnunar byggir á tímabilinu júní 2014-maí 2015 og þrem sviðsmyndum um magn sem fer í bræðslu.

Ef til lokunar Nígeríumarkaðar kemur munu áhrifin smitast fljótlega yfir til byggðarlaga. Yfir 350 manns vinna við þurrkun afurða sem seldar eru á Nígeríumarkað. Þessi framleiðsla fer fram víðsvegar um landið en 17 fyrirtæki starfa við hana á 19 stöðum á landinu. Þar af eru flestar starfsstöðvar eða 5 á Suðurnesjum og Suðvesturlandi og 4 á Norðurlandi eystra.

Þar sem erfitt er að koma þessum vörum í verð annarsstaðar er hætt við að ef Nígeríumarkaður lokaðist alfarið muni einhver af þessum fyrirtækjum hætta eða draga verulega úr starfsemi. Núþegar hefur eitt fyrirtæki sagt upp nánast öllum starfsmönnum sínum



Heimild: Fréttastofa RÚV